

Efni: Tillögur til bæjarráðs

Dags: 14. mars 2019

Eftirfarandi eru tillögur til bæjarráðs Hafnarfjarðar að breytingum á stjórnskipulagi hjá Hafnarfjarðarbæ. Tillögurnar byggja á niðurstöðu stjórnsýsluúttektar sem unnin var af ráðgjöfum Capacent.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

- 1. Lagt er til að nýju stoðsviði verði bætt við stjórnskipulag Hafnarfjarðarbæjar sem nefnist þjónustu- og þróunarsvið. Stjórnandi sviðsins nefnist sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs.**

Rökstuðningur og þættir í útfærslu:

Með breytingu á stjórnskipulagi Hafnarfjarðarbæjar yrði stefnt að því að aðskilja með skarpari hætti verkaskiptingu í þjónustu. En líkt og kom fram í stjórnsýsluúttekt Capacent er skortur á heildarsýn og samhæfingu á þjónustuveitingu hjá sveitarfélaginu. Ítrekað var bent á að skilgreina þurfi þjónustu bæjarins betur út frá þörfum og væntingum notenda. Mikið álag er á fagsviðum og hefur skortur á verkferlum leitt til þess að þjónusta Hafnarfjarðarbæjar hefur ekki þróast og eflst í takt við breytta tíma. Í úttektinni kom fram að breytt verkaskipting myndi leiða til aukinnar þjónustu sveitarfélagsins og að tækifæri væru til staðar til að efla framlínuþjónustu og þannig ná fram auknu svigrúmi innan fagsviða og minnka álag. Í óbreyttu fyrirkomulagi væri þörf á fleiri stöðugildum inn á fagsvið sveitarfélagsins en með breyttri verkaskiptingu er tækifæri til þess að jafna álag og á sama tíma bæta þjónustu sveitarfélagsins.

Þjónustu- og þróunarsvið fengi því það hlutverk að samhæfa þjónustu sveitarfélagsins og auka við þjónustu sem leysa má í þjónustuveri eða stafrænt. Sviðið bæri ábyrgð á því að endurskoða núverandi þjónustuferla og endurhanna út frá þörfum og sjónarhóli þeirra sem þjónustuna nota og gera þá stafræna til að auka yfirsýn yfir þjónustuþætti Hafnarfjarðarbæjar. Sviðið myndi bera ábyrgð á þróun á rafrænni þjónustu en lítil áhersla hefur verið á slíka þróun og mætti efla þann þátt með því að fela einu sviði skýrt umboð til þess.

- 2. Lagt er til að þjónustuver færast frá stjórnsýslusviði inn á hið nýja svið.**
- 3. Lagt er til að samskiptamál færast frá stjórnsýslusviði til hins nýja sviðs.**
- 4. Lagt er til að tölvudeild færast frá fjármálasviði til hins nýja sviðs.**

Samhliða verði verkefnum deildarinnar breytt og aukin áhersla lögð á þróun með áherslu á nýsköpun í þjónustu. Til framtíðar þarf deildin að taka við verkefnum og styðja við þróun á stafrænni þjónustu.

Í ljósi þeirra breytinga sem gerðar eru á starfi tölvudeildar er lagt til að auglýst verði eftir stjórnanda með reynslu af þróun, stafrænum umbreytingum og rafrænni stjórnsýslu.

- 5. Lagt er til að tölvudeild sem færast inn á þjónustu- og þróunarsvið fái heitið þróunar- og tölvudeild.**
- 6. Lagt er til að verkefni sem tengjast atvinnu-, ferða- og menningarmálum fari frá stjórnsýslusviði inn á hið nýja svið.**

Samhliða yrðu verkefnunum tryggð heimahöfn hjá sérstökum starfsmanni á hinu nýja sviði til að koma þessum verkefnum í skýrari farveg innan stjórnsýslunnar.

- 7. Lagt er til að verkefni sem tengjast atvinnu-, ferða- (þ.á m. upplýsingamiðstöð ferðamanna) og menningarmálum sem færast inn á þjónustu- og þróunarsvið verði sameinuð undir nafni menningar- og markaðsmála.**
- 8. Lagt er til að nýtt starf sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs verði auglýst eins fljótt og hægt er.**

Í starfslýsingu og kröfum til starfsins verði lögð áhersla á eftirfarandi:

- Haldgóð reynsla í þjónustustýringu
- Reynsla og þekking á stafrænum lausnum
- Reynsla af mótun þjónustumarkmiða
- Reynsla af samstarfi þvert á ólíkar skipulagseiningar
- Reynsla af þjónustuþróun og notendamiðaðri hönnun
- Reynsla af þróun og innleiðingu nýrra ferla

- 9. Lagt er til að nafni fjölskylduþjónustu verði breytt í fjölskyldu- og barnamálasvið og starfstíll stjórnanda verði sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasvið.**
- 10. Lagt er til að nafni fræðslu- og frístundaþjónustu verði breytt í mennta- og lýðheilsusvið og starfstíll stjórnanda verði sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusvið.**
- 11. Lagt er til að nafni umhverfis- og skipulagsþjónustu verði breytt í umhverfis- og skipulagssvið og starfstíll stjórnanda hennar verði sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.**

Um innleiðingu tillagnanna

Lagt er til að nýtt stjórnskipulag taki gildi eigi síðar en 1. september 2019 og aðgerðarhópi undir forystu bæjarstjóra verði falið að stýra innleiðingu þeirra skv. nánari áætlun.